



Minnisblað fyrir fjárlaganefnd Alþingis september 2015/SSA

Þann 1. janúar 2015 bjuggu 10.346 manns á Austurlandi. Karlar eru töluvert fleiri en konur, 5.441 á móti 4.905 eða tæplega 11% fleiri. Tvö sveitarfélög skera sig úr í íbúafjölda, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð á meðan önnur sveitarfélög er mun fámennari og í mörgum þeirra viðvarandi fólksfækkun. Stöðug íbúafækkun hefur verið í landshlutanum, 1400 brottfluttir umfram aðflutta frá Austurlandi síðustu 20 ár. Viðvarandi fólksfækkun er í minni byggðarkjörnum og dreifbýli. Þar sem fækkar er skekk aldursdreifing, ungu fólki fækkar og því eldra fjölgar.

Menntunarstig á Austurlandi er lægra en landsmeðaltalið. Enginn háskóli er í landshlutanum, framboð í fjarnámi er takmarkað, fjölbreytni í framboði á sí- og endurmenntun er ekki nægjanleg og samgöngur innan landshlutans eru erfiðar. Verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins og lítið sem ekkert listnám er í boði.

Skortur er á sérmenntuðu fólki í iðn- og tæknigreinum, mikill skortur er á störfum fyrir háskólamenntaða og opinberum störfum hefur fækkað. Fjarskiptum og nútímalegum nettengingum er víðast hvar mjög ábótavant, helsta tenging landshlutans við höfuðborgina, innanlandsflugið, stendur engan veginn undir nafni sem aðgengileg samgönguæð sökum verðlags, heilbrigðisþjónusta er takmörkuð og gæði hennar rýrna ár frá ári. Framleiðslufyrirtæki eru fá, innviðir eru viðkvæmir fyrir breytingum, aukinn fjöldi ferðamanna til Íslands hefur ekki skilað sér nema í mjög litlum mæli til Austurlands þar sem stefnu í málefnum ferðþjónustu skortir.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að lögð verði á áhersla á jafnrétti til búsetu og að íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í þróuðu nútímasamfélagi. Sömuleiðis að ríkisstjórnin mun vinna að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða. Þá kemur fram að mikilvægt sé að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, m.a. með dreifingu opinberra starfa, uppbyggingu fjarskiptanets, stóraukinni ljósleiðaravæðingu og bættu raforkuöryggi. Kanna þurfi kosti þess að nýta aðferðir og reynslu Norðurlandþjóða við að treysta byggð, auka verðmætasköpun og fjárfestingu og fjölga störfum á landsbyggðinni meðal annars með skattalegum hvötum. Almennar byggðaaðgerðir efla ekki einungis dreifbýl svæði landsins heldur bæta einnig hag ríkissjóðs og þjóðarinnar allrar.

Það er alveg ljóst að ef takast á að spyrna við fótum á Austurlandi og byggja áfram á þeim gríðarlegu auðlindum og verðmætum sem landshlutinn býr yfir; stöðugt vinnuafli, staðbundið hráefni, traustir innviðir, sterkt atvinnulíf, nálægð við Norðurlandi, Egilsstaðaflugvelli, hafnir, Vatnajökulsþjóðgarður...), þurfa stjórnvöld og Alþingi að leggja áherslu markvissar og fjármagnaðar aðgerðir. Síðast en ekki síst verður að rétt hlut Austurlands í ákveðnum málaflokkum.

- Fjárveitingar mennta- og menningarmálaráðuneytis til þjónustu við framhaldsfræðslu, háskólanám og rannsóknir á íbúðum eru margfalt lægri á Austurlandi en annars staðar á landinu. Mikil þörf er á dreifsettri þjónustu á

Minnisblað um fjárveitingar til framhaldsfræðslu, þjónustu við háskólanema og rannsóknastarf

Forsendur

Fjárveitingar til stofnanna á dreifbýlissvæðum sem sinna framhaldsfræðslu, þjónustu við fjarnema frá háskólum og uppbygginu rannsóknastarfs voru skoðaðar. Þjónustusvæði stofnanna eru mismunandi hvað varðar mannfjölda, stærð svæða og fjarlægð frá þéttbýli þar sem að jafnaði er fjölbreyttara úrval námstilboða og rannsóknastofanna. Það er því ekki auðvelt að gera raunhæfan samanburð á stöðu svæða. Hér er valið að skoða sérstaklega þau svæði þar sem einu háskólanámsúrræði þeirra íbúa sem ekki geta flutt frá heimahögum er fjarnám þ.e. svæði sem liggja það langt frá háskóla að nemendur geta ekki sótt reglubundinn skóla frá heimili sínu. Eftirfarandi svæði eru skoðuð: Austurland, Vestfirðir, Þingeyjarsýslur og Vestmannaeyjar.

Austurland og Vestfirðir eru að mörgu leyti sambærileg svæði, án háskóla, þótt ein námsbraut á mastersstigi sé á Vestfjörðum. Vestmannaeyjar búa við svipaðar aðstæður og varðandi það að nánast ógerlegt er fyrir íbúa við að sækja háskólanám í staðnámi frá heimili sínu. Þingeyjarsýslur búa að einhverju leyti við sömu aðstæður þótt hluti íbúa þar geti sótt skóla til Akureyrar með daglegum akstri á milli. Ákveðið var að taka Þekkingarnet Þingeyinga með í þessa skoðun þar sem hlutverk þess skv. samningi við menntamálaráðuneytið er nánast algerlega samhljóða og hlutverk menntasviðs Austurbrúar (gamla Þekkingarnet Austurlands).

Hvað varðar önnur svæði var eftirfarandi lagt til grundallar því að taka þau ekki til samanburðar þótt vissulega búi íbúar á hluta þeirra við fjarlægðarvanda frá háskólaumhverfi. Stærstur hluti mannfjölda Suðurlands býr í skólasóknarfæri við höfðuborgarsvæðið. Sama gildir um Vesturland og Suðurnes. Á Norðurlandi vestra geta íbúar sótt háskóla og aðra þekkingarþjónustu til Hóla eða Akureyrar.

Niðurstöður

Fjárveitingar frá menntamálaráðuneyti (millj. kr) til þjónustu við framhaldsfræðslu, háskólanám og rannsóknir, skipt eftir landshlutum. Hlutverk stofnann er misjafnt, framhaldsfræðsla = F, Þjónusta við háskólanema = H, rannsóknir = R. Fjárveitingar til rannsóknasetra HÍ eru ekki teknar með.

Landshlutar/ stofnanir	Hlutverk	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Austurland		59,8	51	52,7	55,1	57	54
Þekkingarnet Austurlands PNA Nú Austurbrú	F,H,R	41,9	51	52,7	55,1	57	54
PNA frá iðnaðaráðuneyti		17,9	0	0	0		
Vestfirðir		86,4	103,1	105,5	109,5	113,6	114,6
Háksólsetur Vestfjarðjarða (Hvest)	H,R	48,0	86	87,8	91	94,5	95,5
Hvest frá Iðnaðarráðuneyti		17,9			81		
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	F	18,4	17,1	17,7	18,5	19,1	19,1
Þingeyjarsýslur		37,4	34,8	35,9	37,5	38,8	38,8
Þekkingarnet Þingeyinga	F,H,R	27,4	34,8	35,9	37,5	38,8	38,8
Vestmannaeyjar		36,2	42,7	44,3	45,6	47,3	47,8
Viska	F,H	21,2	19,7	20,2	21	21,7	21,7
Þekkingarsetur	R	15	23	24,1	24,6	25,5	26,1



menningarlífi en undanfarin ár hefur hlutfallslega dregið úr framlagi ríkisins til miðstöðvanna á sama tíma og sveitarfélögin hafa aukið sinn hlut. Aukinheldur hefur framlagið ekki fylgt verðlagi. Nauðsynlegt er að ríkið og Alþingi viðurkenni sérstöðu menningarmiðstöðvanna og mikilvægi þeirra með því að verðbæta framlagið og auka það.

- Austurland hefur af heilhug tekið þátt í starfi hins opinbera um sóknaráætlanir landshlutanna. Umtalsverð vinna hefur átt sér stað heima fyrir til að mæta kröfum hins opinbera og landshlutinn m.a. verið frumkvöðull í sameiningu stöðstofnana. En ef markmið samninga um sóknaráætlun eiga að nást, verða aðgerðir að fylgja orðum. Það fjármagn sem nú er ætlað til sóknaráætlana nægir engan veginn til að hægt sé að setja af stað afgerandi verkefni á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnu- og byggðapróunar.